

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *11. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 9. desember 2010, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Flosi Eiríksson KPMG mætir til fundarins.
3. Fundargerð Brunavarnarnefndar dags. 11. nóv.
4. Erindi frá Landsvirkjun vegna bókunar sveitarstjórnar á fundi 18. nóv.
5. Samningur um lóð undir Kirkjugarð.
6. Hjörleifur Einarsson frá Háskólanum á Akureyri mætir til fundarins.
7. Fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar dags. 2. des.

Til kynningar:

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 25. nóv. álit stofnunarinnar vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Skútustaðahreppi, Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Þeystareykjum að Bakka við Húsavík og álit vegna sameiginlegs mats.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson.

1. Fundarsetning.
Oddviti setti fund.

2. Flosi Eiríksson KPMG mætir til fundarins.

Flosi Eiríksson frá KPMG mætti til fundarins og fór yfir skýslu sem sveitarstjórn lét vinna með það að markmiði að greina tekjur og gjöld sveitarfélagsins til einstakra málaflokka, og samanburðargreiningu við sambærileg sveitarfélög.

3. Fundargerð Brunavarnarnefndar dags. 11. nóv.

Fyrir fundinum liggur fundargerð Brunavarnarnefndar. Formaður nefndarinnar Arnór Benónýsson hafði áður gert grein fyrir fundargerðinni. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina að öðru leiti en því að að vísa 3 og 4 lið til ferkari umfjöllunar hjá nefndinni.

4. Erindi frá Landsvirkjun vegna bókunar sveitarstjórnar á fundi 18. nóv.

Á fundi sveitarstjórnar 18. nóvember samþykkti sveitarstjórn að taka til auglýsingar tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar ásamt umhverfisskýslu, í samræmi við 1. mgr. 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga. Í þeirri bókun ítrekaði sveitarstjórn m.a. að ef og þegar til framkvæmda kæmi yrði tryggt að affallsvatni verði fargað með niðurdælingu í jarðhitageyminn. Í ljós hefur komið eftir samtali við m.a. Skipulagsstofnun að förgun affallsvatns með þessum hætti sé ekki endilega æskilegasta leiðin. Djúplosun, þar sem vatninu er skilað aftur niður í jarðhitageyminn krefst ítarlegra rannsókna áður en unnt er að fara hana til að forðast dýrkeypt mistök eins og dæmi eru um á jarðhitasvæðum

Sveitarstjórn samþykkir að breyta fyrri bókun á þann veg að þegar til framkvæmda kemur verði affallsvatni fargað annað hvort með niðurdælingu í jarðhitageyminn eða með grunnlosun, þar sem vatninu er dælt niður í 200-400 m. djúpar holur þannig að komið verði í veg fyrir hugsanleg áhrif á vatnsbúskap Mývatns og Laxár. Þá fer sveitarstjórn fram á að leitast verði við að "gamla Bjarnarflagslón" verði látið hverfa af öryggisástæðum.

Böðvar, Karl Emil og sveitarstjóri véku af fundi undir þessum lið. Í þeirra stað komu Birgir Steingrímsson og Auður Jónsdóttir.

5. Samningur um lóð undir Kirkjugarð.

Sveitarstjórnin telur að Reykjahlíðarkirkja og meðfylgjandi kirkjugarður, bílastæði og umferðarleið, hafi full lóðarréttindi, þótt þau séu ekki skjalfærð. Réttindin virðast hafa verið í eign og umráðum Sókarnefndar Reykjahlíðarkirkju í áratugi. Vísað er til þess að sókarnefndin fékk Reykjahlíðarkirkju að gjöf á árinu 1955, ný kirkja var reist 1958 og svæði í umráðum sókarnefndarinnar hefur verið afmarkað og notað ríflegan hefðartíma.

Vegna þessa getur sveitarstjórn ekki komið að undirritun lóðarsamninga með uppsagnarákvæði eða öðrum skilyrðum sem fela í sér að sókarnefndin hafi minni rétt en núverandi ástand gefur tilefni til. Lóðarréttindi skv. fyrri bréfum er ítrekuð.

Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið.

6. Hjörleifur Einarsson frá Háskólanum á Akureyri mætir til fundarins.

Hjörleifur Einarsson prófessor við Háskólann á Akureyri sagði frá áhugaverðum fyrirtækjum, erlendum og innlendum í líftækniiðnaði og viðraði hugmyndir að tækifærum til atvinnusköpunar í orku- og vatnalíftækni.

7. Fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar dags. 2. des.
Eftirfarandi liðir eiga við um Skútustaðahrepp:

Liður 1.

201011062 – Erindi frá Trésmiðjunni Rein ehf. Revkjahverfi

Trésmiðjan Rein ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við þjónustuhúsið við Dimmuborgir. Viðbygging er 14,4 m² og verður notuð sem lager og frystir. Teikningar eru unnar af Haraldi Árnasyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið enda telur hún fyrirhugaða byggingu í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Liður 2.

201011059 – Erindi frá Karli E. Sveinssyni og Öglu Rögnvaldsdóttur, Helluhrauni 12, Skútustaðahreppi

Karl E. Sveinsson og Agla Rögnvaldsdóttir sækja um leyfi til að bæta við svalahurð og glugga á íbúðarhúsið að Helluhrauni 12, Mývatnssveit.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Liður 3.

201011001 – Erindi frá Hákon P. Gunnlaugssyni f.h. eigenda að Vogum 3, Skútustaðahreppi

Hákon P. Gunnlaugsson f.h. eigenda að Vogum 3, Mývatnssveit, sækir um leyfi til að steypa upp nýjan vegg utan á norðurgafli hússins.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Liður 4.

201009039 – Erindi frá Ólöfu Hallgrímsdóttur, Vogum 1, Skútustaðahreppi

Byggingarnefnd frestaði erindinu á síðasta fundi þar sem ekki höfðu borist fullnægjandi gögn. Ólöf Hallgrímsdóttir f.h. Vogabús ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir starfsmannahús við ferðaþjónustuna að Vogum 1. Húsið er 74 m², fjórar gámaeiningar sem reist verður á rispak. Teikningar eru unnar af Haraldi Árnasyni.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkt verði stöðuleyfi fyrir húsið til eins árs, enda skili umsækjandi inn skriflegu samþykki nágranna. Áframhaldandi leyfi fyrir húsið verði háð ákvæðum samþykks deiliskipulags. Í því samhengi er minnt á ákvæði gr. 4.16 í skipulagsreglugerð um fjarlægð húsa frá þjóðvegum.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingarnefndar. Friðrik tók ekki þátt í afgreiðslu á lið 1 og Karl Emil tók ekki þátt í afgreiðslu á lið 2.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik Jakobsson.